

ÁKÆRA

Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008

gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur:

Lárusi Welding, kt. 111276-4399, búsettum í Bretlandi,
Magnúsi Arnari Arngrímssyni, kt. 090673-4089, Klettási 6, Garðabæ,
Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, kt. 270168-4509, búsettum í Bretlandi og
Bjarna Jóhannessyni, kt. 091260-2209, Stigahlíð 85, Reykjavík,

fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum.

I.

Á hendur ákærðu Lárusi Welding, þáverandi forstjóra Glitnis banka hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, Reykjavík, og Magnúsi Arnari Arngrímssyni, þáverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Glitnis banka hf., fyrir umboðssvik, með því að hafa 8. eða 9. júlí 2008, í fyrrgreindum störfum sínum og sem meðlimir í áhættunefnd bankans, misnotað aðstöðu sína og stefnt fjármunum bankans í verulega hættu með því að fara út fyrir heimildir sínar til lánveitinga er þeir samþykktu í sameiningu, á milli funda áhættunefndar, að veita einkahlutafélaginu FS38, kt. 661007-2220, eignalausú félagi með takmarkaða ábyrgð, sem var í áhættuflokki 9 hjá Glitni banka hf., lán að fjárhæð 6.000.000.000 króna, án fullnægjandi trygginga fyrir endurgreiðslu lánsins, sem var í andstöðu við reglur bankans um lánveitingar og markaðsáhættu þar sem þeir sinntu ekki þeirri skyldu sinni að gæta að hagsmunum bankans með því að draga úr áhættu hans af lánveitingunni.

Lánið var veitt til að fjármagna að fullu kaup FS38 ehf. á 25,7% hlut Fons hf., kt. 700394-3799, í Aurum Holdings Limited en hlutabréf þess félags voru ekki skráð í kauphöll.

Ákærðu Lárus og Magnús Arnar samþykktu lánveitinguna 8. eða 9. júlí 2008, utan reglulegs fundar áhættunefndar án þess að nauðsyn bæri til en ákærði Lárus staðfesti samþykkið símleiðis á fundi áhættunefndarinnar 9. júlí 2008, þar sem ákærði Magnús Arnar var viðstaddur. Ákærðu samþykktu lánveitinguna með vísan til þess að um 19% hlutur FS38 ehf. í Aurum Holdings Limited yrði síðar seldur til félagsins Damas LLC fyrir andvirði um 3.000.000.000 króna þótt skuldbindandi samningur lægi hvorki fyrir um slíka sölu né söluverð. Jafnframt var gert ráð fyrir því að sá hlutur FS38 hf. í Aurum Holdings Limited sem eftir stæði hækkaði í verði úr 1.350.000.000 króna upp í 3.100.000.000 króna en þar til að sú hækkun væri komin fram skyldi

Fons hf. gangast í sjálfskuldarábyrgð fyrir 1.750.000.000 króna. Lánasamningur vegna lánsins var undirritaður af ákærða Lárusi og öðrum starfsmanni Glitnis banka hf. 16. júlí 2008 en samkvæmt honum var 25,7% hlutur í Aurum Holdings Limited jafnframt settur að veði til tryggingar endurgreiðslu lánsins. Lánið var greitt út 21. júlí 2008. Þessar tryggingar voru ófullnægjandi í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga um verðmæti Aurum Holdings Limited, bága greiðslugetu Aurum Holdings Limited og Fons hf. og vöntunar á tryggingum fyrir skuldbindingum síðarnefnda félagsins hjá Glitni banka hf. en fyrr á árinu 2008 þurfti bankinn ítrekað að veita Fons hf. greiðslufrest á gjaldföllum afborgunum og endurskoða lánaskilmála á láni til Aurum Holdings Limited. Með lánveitingunni veltu ákærðu Lárus og Magnús Arnar áhættunni af kaupum FS38 ehf., á eignarhlutanum í Aurum Holdings Limited, yfir á Glitni banka hf.

Lánsfjárhæðinni var ráðstafað 21. júlí 2008 þannig:

1. 2.792.115.139 krónur voru millifærðar til uppgreiðslu á eftirstöðvum láns Fons hf. nr. 310990 hjá Glitni banka hf., dags. 16. nóvember 2007, upphaflega að fjárhæð 2.500.000.000 króna.
2. 2.000.000.000 króna voru greiddir inn á reikning 513-26-4160, í eigu Fons hf., félaginu til frjálsrar ráðstöfunar.
3. Eftirstöðvar, 1.207.884.861 króna, voru lagðar inn á handveðsettan reikning í eigu Fons hf. hjá markaðsviðskiptum Glitnis banka hf. til að bæta tryggingastöðu Fons hf.

Sama dag millifærði Glitnir banki hf. 1.000.000.000 króna af reikningi Fons hf. inn á reikning nr. 515-26-390680 í eigu meðákærða Jóns Ásgeirs.

Með lánveitingunni fékk Fons hf. til frjálsrar ráðstöfunar 2.000.000.000 króna í stað þess að grynna á skuldum félagsins hjá Glitni banka hf. en með þeirri ráðstöfun, sem ákærðu Lárus og Magnús Arnar samþykktu, var áhætta bankans aukin verulega og bankanum valdið verulegri fjártjónshættu.

Lánið hefur ekki fengist endurgreitt og telja verður umrædda fjármuni bankanum að stærstum hluta glataða þar sem hinn veðsetti hlutur FS38 ehf. í Aurum Holdings Limited varð verðlaus á árinu 2009 við það að lánardrottnar félagsins tóku það yfir gegn niðurfærslu alls hlutfjár félagsins í 1 sterlingspund. Þá hefur skiptum á þrotabúi FS38 ehf. verið lokið án þess að nokkuð kæmi upp í lýstar kröfur auk þess sem bú Fons hf. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

II.

Á hendur ákærða Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, aðallega fyrir hlutdeild í umboðssvikum meðákærðu, Lárusar og Magnúsar Arnars, en til vara fyrir hylmingu og til þrautavara fyrir peningabætti, með því að hafa, á árinu 2008, í krafti áhrifa sinna í Glitni banka hf., beitt meðákærðu Lárus og Bjarna fortölum og þrýstingi og hvatt til þess, persónulega og með liðsinni Jóns Sigurðssonar, varaformanns stjórnar Glitnis banka hf. og Gunnars Sigurðssonar, forstjóra

Baug Group hf., að meðákærðu Lárus og Magnús Arnar samþykktu að veita FS38 ehf. 6.000.000.000 króna lán frá Glitni banka hf., honum sjálfum og Fons hf. til hagsbóta með þeim hætti sem greinir í ákærulið I. Ákærði Jón Ásgeir réð yfir um 40% af hlutafé bankans í gegnum félög sem hann, fjölskylda hans og viðskiptafélagar áttu meirihluta í og stjórnðu. Honum gat ekki dulist að með lánveitingunni væru ákærðu Lárus og Magnús Arnar að misnota aðstöðu sína og valda bankanum verulegri fjártjónshættu en að undirlagi ákærða Jóns Ásgeirs heimilaði Fons hf. ráðstöfun á 1.000.000.000 króna af lánsfjárhæðinni inn á reikning ákærða Jóns Ásgeirs sem hann tók við og nýtti í eigin þágu meðal annars til að greiða 704.916.008 króna ótryggða yfirdráttarskuld sína hjá Glitni banka hf. Fékk ákærði Jón Ásgeir þannig hlut í ávinningi af brotinu og naut hagnaðarins.

III.

Á hendur ákærða Bjarna Jóhannessyni, þáverandi viðskiptastjóra hjá Glitni banka hf., fyrir hlutdeild í umboðssvikum meðákærðu Lárusar og Magnúsar Arnars, með því að hafa í störfum sínum á fyrirtækjasviði bankans, vegna þrýstings frá ákærða Jóni Ásgeiri og með samþykki ákærða Lárusar, undirbúið lánveitingu bankans til FS38 ehf. og þar á meðal útbúið lánabeiðni fyrir FS38 ehf. í þeim tilgangi að leggja hana fyrir áhættunefnd bankans, fyrir 6.000.000.000 króna láni til að fjármagna að fullu kaup FS38 ehf. á 25,7% hlut Fons hf. í Aurum Holdings Limited, eins og rakið er í ákærulið I, þrátt fyrir að ákærði hefði vitneskju um að verðmæti Aurum Holdings Limited væri verulega lægra en gengið var út frá í lánabeiðninni, skuldbindandi samningur væri ekki kominn á um sölu eignarhlutans og að sjálfsskuldarábyrgðin væri lítils virði vegna erfiðrar greiðslustöðu Fons hf. Ákærða var eða hlaut að vera ljóst að með tillögu um greiðslu á 2.000.000.000 króna af lánsfjárhæðinni til Fons hf., sem hann vissi að meðákærða Jóni Ásgeiri væri ætlaður helmingurinn af, væri áhætta bankans aukin verulega og fjártjónshætta bankans af lánveitingunni væri veruleg.

IV.

Telst háttsemi ákærðu allra varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga hvað varðar ákærðu Jón Ásgeir og Bjarna, en til vara við 254. gr. sömu laga og til þrautavara við 264. gr. sömu laga hvað varðar ákærða Jón Ásgeir.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008.

Lánveitingin til FS38 ehf. og aðdragandi hennar.

Fons hf. (hér eftir Fons) var frá 30. apríl 2007 og til falls Glitnis banka hf. (hér eftir Glitnir) stór hluthafi í FL Group hf., en það félag varð þá stærsti hluthafinn í bankanum og taldist Fons til tengdra aðila. Fons var í eigu Mathew Holding S.A. en eigendur þess voru Pálmi Haraldsson,

með 53% hlut, og Jóhannes Kristinsson, með 47% hlut. Pálmi og ákærði Jón Ásgeir Jóhannesson höfðu þá verið viðskiptafélagar í allmörg ár.

Með lánasamningi dags. 16. nóvember 2007 (lásnúmer 310990) lánaði Glitnir Fons 2,5 milljarða króna til 12 mánaða án trygginga. Tilgangurinn með lánveitingunni var að Fons ráðstafaði lánsfjárhæðinni með lánveitingu til félags í sinni eigu, FS38 ehf. (hér eftir FS38), sem lánaði fjárhæðina áfram til FS37 ehf., sem síðar varð Stím ehf. Lánveitingin til Fons var liður í að fjármagna kaup FS37 ehf. á 4,1% hlut í FL Group hf. og 4,3% hlut í Glitni, sem bankinn fjármagnaði að stærstum hluta með 19,6 milljarða króna lánveitingu gegn 1. veðrétti í umræddu hlutafé. Fyrirnefnd lán FS38 til FS37 ehf. (hér eftir Stím) voru víkjandi lán gagnvart þessari lánveitingu. Vegna ört lækkandi gengis hlutabréfa FL Group hf. og Glitnis á síðustu mánuðum ársins 2007 og fyrstu mánuðum ársins 2008 var eigið fé Stím orðið neikvætt og lítil von um að félagið gæti endurgreitt FS38 hin víkjandi lán.

Hinn 7. desember 2007 lánaði Glitnir Fons aftur 2,5 milljarða króna nú til þriggja ára, með lásnúmeri 311144, gegn veði í skuldabréfum, útgefnum af Baugi Group hf., að nafnverði 3,7 milljarðar króna en lánveitingin var samþykkt 4. desember 2007, milli funda áhættunefndar. Í byrjun febrúar 2008 hófust samskipti milli ákærða Jóns Ásgeirs og starfsmanna Glitnis, einkum ákærðu Lárusar Welding og Bjarna Jóhannessonar, fyrst í stað um að bankinn veitti honum 220 milljóna króna yfirdráttarlán til greiðslu á vöxtum af láni 101 Capital ehf. hjá Glitni á gjalddaga 12. febrúar 2008, en það félag var í eigu eiginkonu ákærða Jóns Ásgeirs. Vegna tregðu starfsmanna bankans á að veita slíkt yfirdráttarlán án trygginga fór ákærði Jón Ásgeir fram á að bankinn lánaði Fons 1 til 1,5 milljarð króna til þess að Fons gæti gert upp skuld við ákærða Jón Ásgeir en hann hugðist síðan nota fjárhæðina til að greiða upp yfirdráttinn. Vegna þrýstings frá ákærða Jóni Ásgeiri var útbúin lánabeiðni til áhættunefndar Glitnis, dags. 13. febrúar 2008, vegna 1 milljarðs króna láns til Fons. Í dagskrá 652. fundar áhættunefndar bankans 20. febrúar 2008 kom m.a. fram að Fons ætti óuppgerð viðskipti við ákærða Jón Ásgeir að fjárhæð 1 milljarður króna og að Fons óskaði eftir kúluláni til eins árs til að gera upp þessi viðskipti. Ákærði Jón Ásgeir myndi lána 101 Capital ehf. til að standa skil á u.þ.b. 225 milljóna króna vaxtagreiðslu sem gjaldfallið hefði í byrjun mánaðarins og myndi ákærði Jón Ásgeir auk þess leggja 600 milljónir króna sem innlán í bankann meðan lán 101 Capital ehf. væri ógreitt. Veð í umræddu innláni yrði til tryggingar láninu. Lánabeiðnin fékk ekki framgang og varð niðurstaða áhættunefndarinnar sú að fresta afgreiðslu hennar en veita viðskiptastjóra heimild til að veita ákærða Jóni Ásgeiri 250 milljóna króna yfirdráttarheimild.

Fyrsta afborgun Fons af lánasamningi við Glitni frá 7. desember 2007 var á gjalddaga 28. febrúar 2008. Bankinn heimilaði frestun á 850 milljóna króna afborgun af láninu til 10. febrúar 2008 og á 666. fundi áhættunefndar bankans 30. apríl 2008 var samþykkt að fresta gjalddaga afborgunarinnar til 1. júní 2008. Samanlögð áhætta bankans vegna Fons var þá komin í rúmlega 24,5 milljarða króna.

Í byrjun maí 2008 byrjaði ákærði Jón Ásgeir að þrýsta á Glitni um að kaupa 25,7% hlut Fons í Aurum Holdings Limited (hér eftir Aurum) fyrir 6 milljarða króna í þeim tilgangi að gera upp öll mál vegna Fons og Stím og að Pálmi fengi auk þess 2,2 milljarða króna í reiðufé en ákærði Jón Ásgeir sjálfur 1 milljarð af þeirri fjárhæð. Aurum var breskt móðurfélag skartgripakeðjanna Goldsmiths, Mappin & Wepp og WOS. Aurum hét áður Goldsmiths en nafni félagsins var breytt í ársbyrjun 2007. Í skjölum málsins frá árinu 2008 er Aurum iðulega áfram nefnt Goldsmiths. Fons átti 25,7% hlut í Aurum á árinu 2008. Stærsti hluthafi Aurum var BG Holding ehf., dótturfélag Baugs Group hf. í Bretlandi, en í gögnum málsins er hluturinn talinn allt frá 41,9% og upp í 49,9%.

Í minnisblaði sem Edda Lára Lúðvígsdóttir, starfsmaður Glitnis, ritaði í apríl 2008 um fund sem Aurum (þar nefnt Goldsmiths), hélt 20. febrúar 2008, með fulltrúum Glitnis og annarra aðila að sambankaláni þriggja banka til félagsins, kom fram að afkoma félagsins hefði verið undir væntingum á árinu 2007 og að það ætti við afkomuvandamál að stríða. Þar kom enn fremur fram að bæði tryggingaskilmálar og heildarlánaskilmálar væru brotnir, félagið væri flokkað ógjaldfært og að það væri á athugunarlista bankans. Minnisblaðið var meðal gagna sem lagt var fyrir fund fyrirtækjaútlánanefndar Glitnis 3. júní 2008, sem ákærði Magnús Arnar sat, en þar var samþykkt að Glitnir tæki þátt í að endurskoða lánaskilmálana.

Á rekstrarárinu, sem lauk 27. janúar 2007, varð 14,3 milljóna sterlingspunda (hér eftir pund) tap á rekstri Aurum. Á rekstrarárinu sem lauk 3. febrúar 2008 var einnig taprekstur ef tillit er tekið til 1,5 milljóna punda lífeyrisskuldbindinga ársins. Í bókhaldi Fons var 25,7% hlutur félagsins í Aurum færður úr 2.855.471.581 krónu, sem var upphaflegt kaupverð, niður í 1.467.981.581 krónu miðað við 1. janúar 2008.

Ráðgjafarfyrirtækið Capacent lagði mat á hlut BG Holding ehf. í Aurum miðað við 31. desember 2007 og er það dagsett 15. febrúar 2008. Í matinu var nettóverðmæti Aurum talið 52,1 milljón punda og hlutur BG Holding ehf. um 22,4 milljóna punda virði. Þetta verðmat svarar til þess að 25,7% hlutur Fons hf. hafi verið um 13,4 milljóna punda virði í árslok 2007 sem svarar til um 1,7 milljarða króna. Í kynningu sem forstjóri Baugs Group hf. sendi ákærða Bjarna 5. maí 2008 um mat á óskráðum félögum kom fram að verðmæti Aurum væri talið 48,6 milljónir punda og hlutur félagsins í Aurum, sem þar var talinn 46,1% metinn á 22,4 milljónir punda. Starfsmenn Glitnis höfðu upplýsingar um þetta mat en töldu í júní 2008 rétt að miða verðmatið við 19 milljónir punda sem svaraði til þess að 25,7% hlutur Fons í Aurum væri 1,6 milljarða króna virði.

Á fundi fyrirtækjaútlánanefndar Glitnis 3. júní 2008, sem ákærði Magnús Arnar sat, var samþykkt að létta á lánaskilmálum Aurum. Meðal gagna sem lögð voru fyrir fundinn var áhættuflokkun bankans á Aurum en þar var verðmæti Aurum (default price) talið 53,6 milljónir punda, sem svarar til þess að 25,7% hlutur Fons væri rúmlega 2 milljarða króna virði, miðað við þáverandi gengi.

Í byrjun maí 2008 beindi ákærði Jón Ásgeir til Gunnars Sigurðssonar, forstjóra Baugs Group hf., nokkuð mótaðri hugmynd um að Glitnir keypti 25,7% hlut Fons í Aurum. Í tölvupósti sem Gunnar sendi ákærða Lárusi 5. maí 2008, í framhaldi af fundi þeirra sama dag, og afriti til ákærða Jóns Ásgeirs, kom fram tillaga um að Glitnir keypti hlut PH í Aurum á 6 milljarða króna. Daginn eftir sendi Gunnar ákærða Bjarna ítarlega 5 ára áætlun um afkomu Aurum en á grundvelli hennar mat Gunnar verðmæti Aurum 100 milljónir punda, sem svaraði til tæplega 3,9 milljarða króna verðs á hlut Fons. Í þessum tölvupóstsamskiptum var gengið út frá því að Damas LLC, skartgripafyrirtæki með höfuðstöðvar í Dubai í Arabísku furstadæmunum (hér eftir Damas), myndi fjárfesta í Aurum. Í byrjun júní 2008 sendi Gunnar ákærða Bjarna skjal sem bar yfirskriftina „Heads of Terms“, milli Aurum og Damas um möguleg kaup Damas á hlutum í Aurum og áskrift að nýjum hlutum. Í þessari óskuldbindandi viljayfirlýsingu var, að tillögu Gunnars, miðað við að verðmæti Aurum Holdings væri 100 milljónir punda miðað við að skuldirnar væru rúmar 74 milljónir punda 30. apríl 2008. Í viljayfirlýsingunni kom fram að endanleg viðskipti væru háð ýmsum skilyrðum, m.a. niðurstöðu áreiðanleikakönnunar af hálfu Damas.

Næstu vikur voru ákærði Jón Ásgeir og Pálmi Haraldsson í miklum samskiptum við ákærðu Lárus og Bjarna vegna þessarar tillögu en af hálfu ákærða Jóns Ásgeirs var ávallt lögð áhersla á að hann fengi í sinn hlut frá Fons 1 milljarð af kaupverðinu, m.a. til að endurgreiða Glitni yfirdráttarskuld sína. Af hálfu ákærðu Lárusar og Bjarna var lögð mikil áhersla á að af þessum viðskiptum yrði en aðrir starfsmenn bankans sáu mörg tormeiki á viðskiptunum m.a. vegna þess að Baugur Group hf. og Fons nutu ekki frekara lánstrausts hjá bankanum, endurskoðaður ársreikningur Fons fyrir árið 2007 var ekki til staðar og fyrrnefndu verðmati á Aurum var tekið með fyrirvara. Sérfræðingar bankans létu m.a. í ljós það álit að hlutur Fons í Aurum væri einungis 1,5 milljarða króna virði auk þess sem þeir töldu að með slíku láni væri verið að auka stórlega áhættu Glitnis vegna Fons. Þrátt fyrir það var lánabeiðni lögð fyrir 672. fund áhættunefndar Glitnis 11. júní 2008 þar sem lagt var til að 2,2 milljarðar króna yrðu lánaðir til FS38, félags í eigu Fons, til kaupa á 25,7% hlut Fons í Aurum fyrir 3,3 milljarða króna. Gert var ráð fyrir að 200 milljónum króna af lánsfjárhæðinni yrði ráðstafað til greiðslu á gjaldföllnum vöxtum af láni Fons en 2 milljarðar króna yrðu Fons til frjálsrar ráðstöfunar. Jafnframt var lagt til að afborgunum Fons af lánum yrði frestað. Tillagan var samþykkt með fyrirvara um að leitast yrði við að styrkja tryggingastöðu bankans frekar með veði í hlutabréfum Fons í bresku verslunarkeðjunni Iceland. Á þessum tíma var FS38 raðað í áhættuflokk 8 af 10 innan bankans en Fons í áhættuflokk 6. Eins og fram kom í lánabeiðninni byggði þessi afgreiðsla áhættunefndarinnar á því að FS38 myndi selja 19% hlut í Aurum til nýs fjárfestis og væri verðmatið byggt á fyrirhuguðum viðskiptum við hann.

Þessi niðurstaða féll að fyrirætlun ákærða Jóns Ásgeirs um að hann fengi 1 milljarð króna af lánsfjárhæðinni. Pálmi Haraldsson hafnaði hins vegar þessari niðurstöðu f.h. Fons þar sem hann hafði ávallt lagt áherslu á að andvirði lánsins hrykki til þess að Fons losnaði undan

skuldbindingum vegna lánsins sem Glitnir veitti Fons í nóvember 2007 í tengslum við fjármögnun á hlutabréfakaupum Stím í Glitni og FL Group hf.

Ákærði Jón Ásgeir hélt áfram að beita ákærðu Lárus og Bjarna þrýstingi og naut þar liðveislu Jóns Sigurðssonar forstjóra FL Group hf. við nýja útfærslu sem fólst í því að ákærði Jón Ásgeir fengi fé frá Glitni í gengum Fons og Fons losnaði jafnframt undan Stímláninu. Þessi þrýstingur leiddi til þess að ákærði Bjarni útbjó nýja lánabeiðni í samráði við ákærða Lárus, sem þau Bjarni og Guðný Sigurðardóttir voru skrifuð fyrir. Lánabeiðnin var sett aftarlega á dagskrá áhættunefndar Glitnis 9. júlí 2008. Í lánabeiðninni var lagt til að Glitnir fjármagnaði að fullu 6 milljarða króna kaupverð FS38 á 25,7% hlut Fons í Aurum. Miðað var við að 2,75 milljörðum króna af andvirði kaupverðsins yrði ráðstafað til endurgreiðslu á Stímláni Fons. Þá yrðu 1,25 milljarðar króna settir sem trygging í markaðsviðskiptum Fons hjá Glitni en í lánabeiðninni kom fram að tap af hlutabréfastöðum Fons í markaðsviðskiptum væri tæpir 7 milljarðar króna og trygging á móti væri 3,8 milljarðar króna. Loks átti að greiða 2 milljarða króna út til Fons, félaginu til frjálsrar ráðstöfunar. Gengið var út frá því að ákærði Jón Ásgeir fengi í sinn hlut 1 milljarð króna af síðastnefndu greiðslunni. Í lánabeiðninni kom enn fremur fram að þegar Glitnir hefði selt um 19% af hlutnum í Aurum til Damas á 3,1 milljarð króna stæði eftir 6% hlutur að verðmæti 1,35 milljarða króna sem þyrftu að hækka í 3,1 milljarð króna. Þangað til þyrfti Fons að ábyrgjast mismuninn eða 1,75 milljarða króna. Í lánabeiðninni var FS38 metið í áhættuflokk 9 af 10 og Fons í áhættuflokk 6. Tekið var fram að ársreikningur Fons vegna ársins 2007 væri ekki fullkláraður en fyrir lögju drög með samanburði við 30. september 2007.

Þegar áhættunefndin kom saman á 676. fundi sínum 9. júlí 2008 var bókað að ákærði Lárus tæki þátt í fundinum í gegnum síma. Í fundargerð kom fram að framangreind lánabeiðni, sem taka átti fyrir á fundinum, hefði verið samþykkt milli funda áhættunefndarinnar af þeim LW, RMT og MAA en það eru upphafsstafir ákærðu Lárusar og Magnúsar Arnars og Rósants Más Torfasonar. Ákærði Magnús Arnar var á fundinum og hreyfði ekki andmælum við þessari afgreiðslu en Rósant var ekki á fundinum og ekki í símasambandi og hefur neitað því að hafa samþykkt lánabeiðnina. Í hinni samþykktu tillögu kom m.a. fram: „Netto funding er allt að 2 milljarðar, en hluti getur orðið í innlánnum í einhvern tíma“. Gengið var út frá því að bréfin í Aurum yrðu seld til Damas og söluverðið myndi lækka áhættumörk vegna lánsins í 3 milljarða króna.

Vegna fyrirliggjandi andstöðu í áhættunefnd við lánveitinguna til FS38, sem meðal annars hafði komið fram á fundi áhættunefndar 4. júní 2008 þar sem málefni Fons voru til umræðu og á einnig á fundi 11. júní 2008 þar sem einungis var samþykkt 2,2 milljarða lánveiting til FS38, ákvað ákærði Lárus að samþykkja lánveitinguna með þessum hætti utan funda áhættunefndar, með tilstuðlan ákærða Magnúsar Arnars. Aðeins þurfti mótatkvæði eins nefndarmanns áhættunefndar til þess að útlánabeiðni teldist hafnað, sbr. grein 5.3. um störf áhættunefndar í þágildandi útlánahandbók Glitnis sem samþykkt var 7. nóvember 2007. Í reglum fyrir

áhættunefnd (Code of Conduct) Glitnis, sem síðast voru uppfærðar 26. júlí 2006, var sérstaklega tekið fram að áhættunefndin skyldi koma saman reglulega en gæti fundað að beiðni nefndarfulltrúa eða þegar þörf krefði. Þegar þörf krefði og ákvarðanir gætu ekki beðið næsta reglulega fundar væri hægt að leita eftir flýtimeðferð með tölvuskeyti og skyldi staðfesta ákvörðun á næsta reglulega fundi. Í þessu tilviki hafði lánabeiðnin verið sett á dagskrá næsta fundar áhættunefndar sem haldinn var 9. júlí 2008 og því engin þörf á að samþykka lánabeiðnina utan fundar, kvöldinu áður eða sama morgun og fundur áhættunefndar var haldinn. Ekki lá meira á samþykki lánveitingarinnar en svo að lánasamningurinn var ekki undirritaður fyrr en 16. júlí 2008, önnur skjöl vegna lánveitingarinnar ekki fyrr en 21. júlí 2008 og lánið ekki greitt út fyrr en þann dag.

Þegar kom að útborgun á 6 milljarða króna láni Glitnis til FS38 21. júlí 2008 var 2 milljörðum af lánsfjárhæðinni ráðstafað inn á reikning Fons nr. 513-26-4160 hjá Glitni en jafnframt var leitað eftir heimild frá Pálma til að millifæra 1 milljarð króna inn á reikning ákærða Jóns Ásgeirs nr. 515-26-390680 hjá Glitni. Pálmi samþykkti millifærsluna með þeim athugasemdum að þeir hefðu verið að kaupa skuldabréf af Þú blásól ehf. fyrir sömu upphæð. Þú blásól ehf. var einkahlutafélag í eigu ákærða Jóns Ásgeirs. Samkvæmt yfirlýsingu ákærða Jóns Ásgeirs, dags. 23. júlí 2010, rann umræddur milljarður frá Fons til að greiða upp skuldir Þú blásól ehf. við hann persónulega að fjárhæð tæpar 535 milljónir króna en einnig kvaðst hann hafa ætlað að greiða, f.h. Þú blásól ehf., hluta af byggingarkostnaði skíðahótelis í Frakklandi. Umrætt skuldabréf var fært sem krafa á Þú blásól ehf. í bókhaldi Fons miðað við 18. júlí 2008 en krafan, ásamt vöxtum, færð niður í 0 krónur hálfu ári síðar miðað við 12. febrúar 2009 án þess að krafan væri greidd. Hvað sem líður mögulegum viðskiptum og skuldaskilum Fons, Þú blásól ehf. og ákærða Jóns Ásgeirs þá liggur fyrir að umræddur 1 milljarður króna var millifærður á einkareikning ákærða Jóns Ásgeirs hjá Glitni og var þar ráðstafað til að greiða upp 705 milljóna króna ótryggða yfirdráttarskuld hans. Naut ákærði Jón Ásgeir þannig lánveitingarinnar persónulega. Í febrúar 2008 hafði verið heimilaður 250 milljóna króna yfirdráttur á reikningnum en ákærði Lárus samþykkti 2. júlí 2008 að hækka hann í 566 milljónir króna. Hinn 14. júlí 2008 samþykktu ákærðu Lárus og Magnús Arnar og Rósant Már Torfason að hækka yfirdráttarheimildina tímabundið í 720 milljónir króna án nokkurra trygginga. Yfirdrátturinn var kominn í um 705 milljónir króna 21. júlí 2008. Í öllum samskiptum ákærða Jóns Ásgeirs og starfsmanna bankans og starfsmannanna innbyrðis var gengið út frá því að yfirdráttarskuldin yrði greidd upp með milljarðinum sem ákærði Jón Ásgeir átti að fá af væntanlegri lánveitingu vegna sölu Fons á Aurum.

Fons millifærði 22. júlí 2008 1 milljarð króna af reikningi sínum hjá Glitni yfir á reikning sinn nr. 401098 í Kaupþing banka í Luxemborg en þaðan var fjárhæðin, ásamt vöxtum, millifærð 30. apríl 2009 yfir á reikning Talden Holding SA nr. 401188 vegna ábyrgðaryfirlýsingar Fons 20. maí 2003 á fjárskuldbindingum Talden Holding SA við Kaupþing allt að 2,5 milljörðum króna.

Láni Glitnis til FS38 var að öðru leyti ráðstafað þannig að 2,75 milljarðar króna voru notaðir til að greiða upp skuld vegna 2,5 milljarða króna láns til félagsins frá því í nóvember 2007, gegn því að Fons felldi niður kröfu vegna samsvarandi láns til FS38 sem felldi aftur á móti niður samsvarandi kröfu vegna lána til Stím ehf. FS38 var þar með eigna og skuldlaust þegar félagið fékk 6 milljarða króna lánið frá Glitni. Þá voru u.þ.b. 1,2 milljarðar króna af lánsfjárhæðinni lagðir inn á handveðsettan bankareikning sem trygging vegna fyrrnefndra markaðsviðskipta Fons.

Þar sem FS38 átti engar aðrar eignir en 25,7% hlut í Aurum eftir umrædd viðskipti var ljóst að samþykki ákærðu Lárusar og Magnúsar Arnar á lánveitingunni, utan funda áhættunefndar Glitnis 8. eða 9. júlí 2008, hafði óhjákvæmilega í för með sér að 25,7% hluturinn í Aurum stóð einn til tryggingar endurgreiðslu á a.m.k. 4,25 milljörðum króna af láninu, auk áfallandi vaxta, en það var mun hærri fjárhæð en jafnvel einhliða persónulegt mat Gunnars Sigurðssonar á verðmæti Aurum gerði ráð fyrir. Hafa verður í huga að um óskráð hlutabréf erlends félags var að ræða. Með lánveitingunni var öll eigendaáhætta af 25,7% eignarhlut FS38 í Aurum færð yfir á Glitni. Með söluréttarsamningi sem ákærði Lárus gerði f.h. Glitnis við Fons í tengslum við útborgun lánsins 21. júlí 2008, sem tryggði rétt Fons til að selja Glitni allt hlutafé í FS38 fyrir 1 krónu, batt ákærði Lárus Glitni endanlega við þessa eigendaáhættu. Engar viðskiptalegar forsendur lágu þannig að baki lánveitingunni til FS38, heldur var lánið veitt að áeggjan og vegna þrýstings frá ákærða Jóni Ásgeiri í krafti yferráða hans yfir tæplega 40% eignarhlut í Glitni, í gegnum FL Group hf., honum sjálfum og Fons til hagsbóta en á kostnað bankans.

Misnotkun ákærðu Lárusar og Magnúsar Arnar á aðstöðu:

Ákærðu Lárusi og Magnúsi Arnari er gefið að sök brot gegn 249. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 en samkvæmt verknaðarlýsingu ákvæðisins teljast það umboðssvik þegar maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína. Ákærði Lárus var forstjóri Glitnis en ákærði Magnús Arnar framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans á þeim tíma sem lánið var samþykkt og greitt út. Þeir sátu ásamt þremur öðrum í áhættunefnd bankans sem fór með æðsta vald í lánamálum innan bankans í umboði stjórnar. Við ákvörðun um lánveitingar var meginreglan sú að áhættunefndin samþykkti lánveitingar á nefndarfundum. Frá því var undanþága á þá leið að tveir meðlimir áhættunefndar gátu samþykkt lánveitingu utan fundar en annar þeirra varð að vera formaður eða varaformaður nefndarinnar. Vegna þessarar undanþáguheimildar voru ákærðu í raunverulegri aðstöðu til að samþykkja umrædda lánveitingu til FS38. Heimildir áhættunefndar, og þar með heimildir ákærðu Lárusar og Magnúsar Arnars til ákvarðanatöku um lánveitingar utan funda, takmörkuðust þó af almennum reglum Glitnis banka hf. um lánveitingar og markaðsáhættu (General Rules on Credit and Market Risk), sem settar voru af stjórn bankans 2. október 2007 sem og útlánahandbók bankans (Credit Manual), sem staðfest var af áhættunefnd bankans 7. nóvember 2007.

Samkvæmt 2. gr. reglna bankans um lánveitingar og markaðsáhættu skyldi leggja sérstaka áherslu á að meta m.a. lánshæfi viðskiptamanns, gæði veðandlaga eða annarra áhættutakmarkana. Í útlánahandbók Glitnis sagði í upphafi 1. kafla að skjalið lýsti meginreglum um áhættustjórnun innan Glitnis samstæðunnar. Þá sagði í kafla 8.4., um veð og aðra mildandi þætti, að almennt skyldi Glitnir kappkosta að draga úr áhættu að því marki sem mögulegt væri með formlegum veðum, tryggingum, samningum og öðrum mildandi þáttum. Tryggingu skyldi meta á markaðsvirði eða kaupverði eftir því hvort væri lægra og Glitnir skyldi almennt áskilja sér þann rétt að leita eftir óháðu mati á veðsettum eignum nema viðskipti með þær væru víðtæk. Samkvæmt því bar ákærðu við ákvörðun um lánveitingu að gæta að formlegum og raunverulegum tryggingum fyrir lánveitingunni og meta verðmæti þeirra með þeim hætti að hagsmunir bankans, sem lánveitanda, væru tryggðir þótt til vanefnda kæmi af hálfu lántaka. Sérstaka aðgát skyldi viðhafa með greiningu á lánshæfi lántaka, gæðum trygginga og öðrum áhættuþáttum.

Gögn málsins bera það með sér að ákærðu Lárus, Magnús Arnar og Bjarni hafi verið meðvitaðir um fyrirliggjandi mat starfsmanna bankans á virði Aurum en þrátt fyrir það ákveðið að fylgja tilmælum ákærða Jóns Ásgeirs um lánveitingu til FS38, en þeim var öllum kunnugt um að hann ætlaði sér 1 milljarð króna af láninu. Ljóst er af gögnum málsins að virði Aurum, samkvæmt viljayfirlýsingunni við Damas, endurspegladi einvörðungu verðhugmynd Gunnars Sigurðssonar, forstjóra Baugs Group hf. en fól ekki í sér neina skuldbindingu um kaup eða kaupverð, enda hafði áreiðanleikakönnun ekki farið fram.

Byggt er á því að ákærðu hafi farið á svig við ofangreindar reglur þegar þeir samþykktu lánið til FS38, utan funda áhættunefndar, og lögðu til grundvallar óskuldbindandi viljayfirlýsingu (Heads of Terms) um virði 25,7% hlutar í Aurum þrátt fyrir að allar aðrar fyrirliggjandi upplýsingar og mót á verðmæti Aurum hafi gefið mun lægra verðmæti til kynna og þrátt fyrir að áhættunefnd hafi á fundi sínum 11. júní 2008 einungis viljað samþykkja 2,2 milljarða króna lánveitingu til þessara kaupa.

Af hálfu ákæruvaldsins er byggt á því að ákærðu Lárus og Magnús Arnar hafi misnotað aðstöðu sína með því að samþykkja, að nauðsynjalausú utan reglulegs fundar áhættunefndar, 6 milljarða króna lán til handa FS38 í andstöðu við reglur bankans um lánveitingar og markaðsáhættu þar sem þeir sinntu ekki þeirri skyldu sinni að gæta að hagsmunum bankans með því að draga úr áhættu bankans af lánveitingunni.

Með ákvörðun sinni fóru ákærðu Lárus og Magnús Arnar einnig á svig við 76. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 þar sem ákvörðunin var til þess fallin að afla Fons og ákærða Jóni Ásgeiri ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað hluthafa bankans og bankans sjálfs.

Auðgunarásetningur - veruleg fjártjónshætta:

Fyrir háttsemi sem lýst er í 249. gr. alm. hgl. skal því aðeins refsast að til staðar sé auðgunarásetningur, sbr. 243. gr. sömu laga. Til þess að háttsemi sem lýst er í 249. gr. teljist refsiverð þarf þó aðeins að hafa verið til staðar veruleg hætta á að háttsemin leiddi til fjártjóns og að gerandinn hafi vitað eða hlotið að vita um þá hættu eða látið sér hana í léttu rúmi liggja.

Á því er byggt að með ákvörðun ákærðu Lárusar og Magnúsar Arnars um að samþykkja, utan reglulegs fundar áhættunefndar, 6 milljarða króna lán til handa FS38, eignalauss dótturfélags Fons, hafi miklum fjármunum Glitnis verið stefnt í verulega hættu þar sem verðmæti trygginga og ábyrgða fyrir endurgreiðslu lánsins var langt undir því verðmati sem gengið var út frá í lánabæðninni. Gögn málsins bera það með sér að ákærðu Lárus, Magnús Arnar og Bjarni hafi vísvitandi litið framhjá mati sérfræðinga bankans og upplýsingum, sem lágu fyrir hjá bankanum, um að verðmæti ábyrgða og trygginga væri mun lægra en gengið var út frá í lánabæðni frá 9. júlí 2008. Með því að taka ákvörðun um að lána svo gríðarlega háa fjárhæð án fullnægjandi trygginga til eignalauss félags með takmarkaðri ábyrgð var ákærðu Lárusi og Magnúsi Arnari ljóst, eða hlaut að vera ljóst, að þeir stefndu miklum fjármunum bankans í verulega hættu.

Hjá Glitni lágu fyrir ýmsar upplýsingar um að verðmæti 25,7% hlutar Fons í Aurum væri á bilinu 1,4 til 2,1 milljarðar króna en verðmat hlutarins í bókhaldi Fons og Baugs Group hf. var á því bili. Þá hafði fulltrúa Glitnis, á fundi með fyrirsvarsmönnum Aurum 20. febrúar 2008, verið kynnt mun verri afkoma félagsins en áætlanir gerðu ráð fyrir og brot félagsins á tryggingaskilmálum og heildarlánaskilmálum sambankaláns sem Glitnir var aðila að. Á grundvelli þessara upplýsinga og vegna varnaðarorða samstarfsmanna bankans höfðu ákærðu Lárus og Magnús Arnar fullt tilefni í júlí 2008 til að draga í efa að tillaga að söluverði sem sett hafði verið fram í óskuldbindandi viljayfirlýsingu Aurum og Damas endurspegladi verðmæti Aurum og jafnframt tilefni til að láta framkvæma sjálfstætt og vandað verðmat á verðmæti hlutafjár Fons í Aurum. Sama gegndi um mat á sjálfskuldarábyrgð Fons sem tryggingu fyrir hluta lánsins. Á árinu 2008 hafði stórum gjalddögum á lánunum Fons verið ítrekað frestað og marga milljarða króna vantaði upp á tryggingar vegna taps Fons í markaðsviðskiptum.

Ákvörðun ákærðu Lárusar og Magnúsar Arnars um að veita lánið byggðist þannig ekki á sjálfstæðu verðmati bankans heldur létu þeir undan hvatningu og þrýstingi frá ákærða Jóni Ásgeiri, sem nýtti áhrif sín sem stærsti eigandi FL Group hf., stærsta eiganda bankans, til að fá samþykkt lánveitingu sem lengi hafði legið fyrir að var honum til verulegra hagsbóta. Jafnframt beitti ákærði Jón Ásgeir fyrir sig forstjórum tveggja félaga sem hann átti stóran hlut í, Gunnari Sigurðssyni forstjóra Baugs Group hf. og Jóni Sigurðssyni, forstjóra FL Group hf. Þessa verulega áhættusömu ákvörðun tóku þeir á þeim ótrausta grunni að FS38 tækist að selja um 19% af hlutafé sínu í Aurum til félags í Arabísku furstadæmunum þótt skuldbindandi samningur lægi ekki fyrir um kaupin eða kaupverðið og áreiðanleikakönnun hefði ekki farið fram. Jafnvel þótt þessi söluútláun hefðu gengið eftir lá fyrir að þau 6% sem FS38 ætti þá eftir af hlutafénu þyrftu,

auk 1,75 milljarða króna sjálfskuldarábyrgðar Fons, að standa undir 3 milljarða króna eftirstöðvum lánsins. Sjálfskuldarábyrgð Fons var jafnframt afar ótraust þar sem mikið vantaði upp á tryggingar Fons gagnvart Glitni vegna stórfellds taps í markaðsviðskiptum og Glitnir hafði ítrekað þurft að fresta gjalddögum lána Fons á árinu 2008, síðast í byrjun júní. Þá hafði Fons ekki skilað ársreikningi til bankans fyrir árið 2008.

Þess ber að geta að áreiðanleikakönnun Damas á verðmæti Aurum fór fram í ágúst og september 2008 og leiddi hún til þess að á stjórnarfundum í Damas 18. september 2008 var ályktað að fyrirhuguð fjárfesting í Aurum væri sett í biðstöðu þar til stjórnin ákvæði annað. Ástæðan var slakur fjárhagslegur árangur, hátt verðlag og skortur á ákveðni í ákvörðunarferli varðandi rekstur. Ekkert varð úr kaupum Damas á hlutafé í Aurum.

Byggt er á því að ákærðu Lárus og Magnús Arnar hafi ekki samþykkt lánveitingu til FS38 Glitni til hagsbóta heldur til hagsbóta fyrir Fons og meðákærða Jón Ásgeir en gögn málsins sýna að ákærðu Lárusi og Magnúsi Arnari var ljóst að til stóð að ákærði Jón Ásgeir fengi 1 milljarð króna af lánsfjárhæðinni til ráðstöfunar.

Umrætt lán var veitt til eignalauss félags, með takmarkaðri ábyrgð, með engan rekstur og því tæplega að vænta endurgreiðslu nema af arði, söluverðmæti Aurum hlutarins veðsettra eigna eða greiðslu frá ábyrgðaraðila. Vaxtakjör á þessu láni réttlættu engan veginn þá áhættu sem tekin var og ekkert lántökugjald var greitt. Veðið var í þessu tilfelli óskráð hlutabréf í erlendu félagi. Mikilvægt var því að tryggingaþekja væri mjög rífleg, eða með öðrum orðum að metið verðmæti veðsettrar eignar væri mun hærra en sá hluti lánsfjárhæðarinnar sem hún átti að tryggja. Sem dæmi um kröfur Glitnis til trygginga má nefna reglur um tryggingar fyrir markaðsviðskipti bankans en samkvæmt þeim skyldi aldrei meta tryggingaverðmæti skráðra hlutabréfa hærra en 50% af metnu verðmæti þeirra og ekki var gerð ráð fyrir að hlutabréf óskráðra erlendra félaga væru tekin sem trygging. Ljóst er að við umrædda lánveitingu var gengið út frá því að til tryggingar 4,25 milljörðum af láninu yrðu sett að veði óskráð erlend hlutabréf, sem metin höfðu verið á bilinu 1,4 – 2,1 milljarð króna af hálfu starfsmanna Glitnis og í bókhaldi Fons og BG Holding ehf. Jafnvel þótt miðað sé við verðhugmynd forstjóra Baugs Group hf., eins af félögum í eigu ákærða Jóns Ásgeirs, um að bréfin væru um 4 milljarða króna virði, voru tryggingarnar verðminni en fjárhæð lánsins og viðmið Glitnis um tryggingaþekju langt í frá að vera uppfyllt. Þá var sérstök ástæða til varúðar af hálfu ákærðu við meðferð á fjármunum Glitnis þar sem mikill lausafjárskortur steðjaði að íslensku bönkunum frá hausti 2007.

Með lánveitingunni var öll eigendaáhætta af 25,7% hlut FS38 í Aurum færð yfir á Glitni. Sú eigendaáhætta Glitnis var enn frekar staðfest með samningi ákærða Lárusar f.h. Glitnis við Fons 21. júlí 2008, án samþykkis áhættunefndar, sem veitti Fons rétt til að selja Glitni félagið FS38 fyrir 1 krónu. Fons nýtti sér söluréttinn með tilkynningu til Glitnis dags. 30. desember 2008 og

var 6 milljarða króna lánið til FS38 þá ekki lengur talið meðal áhættuskuldbindinga Fons hjá Glitni, utan ábyrgð Fons á 1,75 milljarðs hluta af láninu.

Í gögnum málsins er að finna þrjú verðmöt sem gerð voru eftir fall Glitnis á verðmæti Aurum miðað við júlí 2008. Rósant Már Torfason, sem var meðlimur í áhættunefnd Glitnis, mat markaðsvirði Aurum 96 – 132 milljónir punda miðað við júlí 2008. Verðmatið kvað hann unnið í þeim tilgangi að sýna hvernig starfsmenn Glitnis hefðu getað verðmetið Aurum í júlí 2008. Slitastjórn Glitnis fékk endurskoðunarfyritækið Ernst & Young á árinu 2010 til að gera leiðbeinandi verðmat á Aurum miðað við 1. júlí 2008. Niðurstaða matsins var að verðmæti hlutafjár hafi á þessum tíma verið hverfandi ef nokkuð. Þriðja og ítarlegasta verðmatið er matsgerð dómkvaddra matsmanna, þeirra Bjarna Frímans Karlssonar og Gylfa Magnússonar, dags. 23. apríl 2012. Þeir voru dómkvaddir að ósk Glitnis í tengslum við rekstur skaðabótamáls slitastjórnar Glitnis á hendur ákærðu í þessu máli og fleirum. Í matsgerðinni er komist að þeirri niðurstöðu að verðmæti 25,7% hlutar í Aurum, miðað við 9. júlí 2008, hafi verið 464 milljónir króna. Niðurstaða matsins er byggð á samanburði á mismunandi kennitölum og samanburðarhópum. Þá er bent þar á augljósar villur í mati Rósants Torfasonar. Matsgerðin staðfestir að 25,7% hlutur Fons í Aurum var lítills eða einskis virði þegar Glitnir lánaði 6 milljarða króna til FS38 til kaupa á þessum hlut gegn veði í hlutnum og 1,75 milljarða króna sjálfskuldarábyrgð Fons.

Með lánveitingunni var áhætta Glitnis augin um a.m.k. 2 milljarða króna og er þá tekið tillit til þess að samtals um 3,9 milljarðar króna af lánveitingunni runnu beint til að greiða eða tryggja skuldbindingar Fons gagnvart Glitni. Hafa verður í huga að FS38 var að fullu í eigu Fons og áhættu vegna félagsins bar að reikna inn í áhættu á Fons hjá Glitni. Þar sem 2 milljarðar króna voru afhentir Fons til fjálsrar ráðstöfunar var um hreina áhættuaukningu Glitnis að ræða hvað þá fjármuni snertir, þótt tekið sé tillit til sjálfskuldarábyrgðar Fons fyrir hluta af lánsfjárhæðinni, þar sem Glitnir fékk engar viðbótartryggingar eða utanaðkomandi ábyrgðir samhliða lánveitingunni. Hlutabréfin í Aurum voru fyrir lánveitinguna í eigu Fons og þótt bankinn hefði ekki veð í þeim stóð andvirði þeirra til fullnustu skuldbindingum félagsins eins og aðrar eignir þess. Hvað varðar áhættu vegna 4 milljarða króna af lánveitingunni þá var hún meiri en áður þar sem FS38 átti engar aðrar eignir en hlutabréfin í Aurum og áhættan af lánveitingunni til þess félags mun meiri en til Fons eins og áhættuflokkun félaganna hjá Glitni staðfestir. Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu Fons, sem lýsti sér í stóru tryggingargati vegna taps í markaðsviðskiptum, ítrekaðri hækkun útlánamarka félagsins hjá Glitni og ítrekaðra frestana á afborgunum af lánnum, var sjálfskuldarábyrgð félagsins langt í frá að teljast viðunandi trygging fyrir endurgreiðslu á 1,75 milljörðum króna.

Með samþykki lánveitingarinnar lögðu ákærðu Lárus og Magnús Arnar því verulega fjártjónshættu á Glitni og var þeim eða hlaut að vera sú fjártjónshætta ljós.

Hlutdeildarbrot ákærða Jóns Ásgeirs:

Ákærða Jóni Ásgeiri er aðallega gefin að sök hlutdeild í umboðssvikabroti ákærðu Lárusar og Magnúsar Arnars en til vara hylming og til þrautavara peningþvætti.

Rannsókn málsins hefur leitt í ljós að fljótlega eftir að FL Group hf. tryggði sér yferráð yfir Glitni í lok apríl 2007 hóf ákærði Jón Ásgeir að hlutast til um það hverjir tækju sæti í stjórn bankans. Einnig samdi ákærði Jón Ásgeir við Bjarna Ármannsson, þáverandi bankastjóra Glitnis, um starfslok hans hjá bankanum og hafði hönd í bagga með því að samið var við ákærða Lárus um að hann tæki við starfi forstjóra Glitnis í apríl 2007.

Ákærði Jón Ásgeir var á árinu 2008 eigandi 45% hlutar í Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. sem var að öðru leyti í eigu fjölskyldu hans. Gaumur átti 75,39% hlutafjár í Baugi Group hf. en ákærði Jón Ásgeir var stjórnarformaður þess félags til 18. júlí 2008. Baugur átti 36,4% í FL Group hf. á árinu 2008 en Fons um 11%. Að teknu tilliti til framvirkra samninga og eignarhluta 101 Capital ehf., í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, þáverandi sambýliskonu og síðar eiginkonu ákærða Jóns Ásgeirs, réðu þeir ákærði Jón Ásgeir og Pálmi Haraldsson yfir meira en helmingi hlutafjár í FL Group hf. í júlí 2008. Ákærði Jón Ásgeir var kosinn stjórnarformaður FL Group hf. 8. júní 2007 en varð að segja sig frá stjórnarformennskunni 19. júní 2008. Baugur átti einnig 30% hlut í Jötni ehf., Fons 10% og West Coast Capital átti 60% en Baugur Group hf. var meðal eigenda þess félags. Samanlagt áttu FL Group hf. og Jötunn ehf. 39,75% hlutafjár í Glitni. Í krafti þessa stóra eignarhluta gat ákærði Jón Ásgeir ráðið meirihluta stjórnar félagsins og í gögnum málsins má sjá hvernig hann beitti þeim áhrifum sínum við val á stjórnarmönnum.

Gögn málsins bera með sér að ákærði Jón Ásgeir hafði mikil, bein og óeðlileg afskipti af daglegum rekstri Glitnis og mikil ítök og áhrif. Þessum áhrifum sínum beitti hann einkum gagnvart ákærðu Lárusi og Bjarna. Þótt ákærði Jón Ásgeir væri ekki í formlegri aðstöðu til að stýra ákærða Lárusi sýna framlögð tölvupóstsamskipti að ákærði Jón Ásgeir sendi ákærða Lárusi reglulega erindi sem orðuð voru sem fyrirmæli og lagði fyrir hann lista með verkefnum sem tengdust bæði fjárfestingum bankans sem og lánveitingum til ýmissa aðila, bæði tengdra og ótengdra ákærða Jóni Ásgeiri. Þessa verkefnalista sendi ákærði Lárus jafnvel beint til undirmanna sinna með fyrirmælum um að framkvæma þau erindi sem þar komu fram. Ljóst er að starfsmenn Glitnis litu á ákærða Jón Ásgeir sem aðaleiganda bankans og framlögð gögn sýna að ákærðu Lárus og Bjarni brugðust við erindum hans með öðrum hætti en ætla má um erindi venjulegra hluthafa eða almennra viðskiptavina bankans. Þessu til stuðnings má nefna að ákærði Bjarni sendi ákærða Jóni Ásgeiri trúnaðarupplýsingar um skuldastöðu Fons við bankann í umræddu lánveitingarferli að fyrirsvarsmanni Fons forspurðum.

Þá bera gögn málsins með sér að ákærði Jón Ásgeir gaf ákærða Lárusi tilefni til að óttast um stöðu sína innan Glitnis léti ákærði Lárus ekki að vilja hans. Gögnin sýna einnig að undirmenn ákærða Lárusar vörðu hann við því að láta að vilja ákærða Jóns Ásgeirs í tengslum við þessa

lánveitingu og að hann gerði sér grein fyrir í hvaða hættu hann stefndi hagsmunum bankans með undanlátssemi við ákærða Jón Ásgeir.

Ákærða Jóni Ásgeiri er gefin að sök hlutdeild í umboðssvikabroti ákærðu Lárusar og Magnúsar Arnars með því að beita fortölum og hvatningu til að Glitnir lánaði FS38 6 milljarða króna til kaupa á 25,7% hlut Fons í Aurum þannig að Fons fengi til frjálsrar ráðstöfunar 2 milljarða króna af söluverðinu í þeim yfirlýsta tilgangi að 1 milljarður króna af því fé rynni til hans sjálfs til þess m.a. að greiða upp persónulega yfirdráttarskuld hans hjá Glitni. Ákærði Jón Ásgeir kom sjálfur, og í gegnum forstjóra félags síns, á framfæri upplýsingum um kaupverð og hvernig hluturinn í Aurum skyldi metinn til verðs og stuðlaði með áhrifum sínum hjá Glitni að því að lánið yrði veitt án fullnægjandi trygginga. Þar sem Baugur Group hf. var stærsti eigandi Aurum var honum kunnugt um erfiða fjárhagsstöðu Aurum og hvernig verðmæti félagsins hafði verið metið í bókum BG Holding ehf. Honum var því ljóst, eða hlaut að vera ljóst, að lánið til FS38 fól í sér mikla áhættu fyrir Glitni og var veitt í andstöðu við viðskiptahagsmuni bankans og án fullnægjandi trygginga en var honum sjálfum til hagsbóta. Í gögnum málsins kemur fram að frumkvæði að lánveitingunni kom frá ákærða Jóni Ásgeiri og lánið var veitt vegna þrýstings frá honum. Var hlutdeild hans í brotinu því mjög veruleg og afdrifarík og naut hann að auki hagnaðar af því.

Til vara er byggt á því að ákærði Jón Ásgeir hafi gerst sekur um hylmingu eða peningþvætti vegna umboðssvikabrots meðákærðu Lárusar og Magnúsar Arnars, með því að taka þátt í að skipuleggja framangreinda refsiverða háttsemi og fá þannig hlut í ávinningnum af brotinu. Með því að taka við einum milljarði króna á reikning sinn af reikningi Fons, sem hann vissi að var hluti af því fé sem Fons fékk til frjálsrar ráðstöfunar af lánveitingunni frá Glitni og nota að stærstum hluta til að greiða yfirdráttarskuld sína við Glitni, gerðist ákærði Jón Ásgeir sekur um hylmingu og peningþvætti enda var honum samkvæmt framansögðu ljóst, eða hlaut að vera ljóst, að fjármunirnir voru afrakstur af refsiverðri háttsemi sem hann hafði sjálfur stuðlað að.

Hlutdeildarbrot Bjarna

Ákærði Bjarni var viðskiptastjóri, þ.e. tengiliður Glitnis við félögin Fons, FS38 og Baug Group hf. Bjarni var í miklum samskiptum við ákærða Jón Ásgeir og Pálma Haraldsson í aðdraganda lánveitingarinnar og við útfærslu endanlegrar lánabeiðni. Gögn málsins sýna að ákærði Bjarni var í beinum samskiptum við ákærða Jón Ásgeir og lét undan fortölum og þrýstingi frá honum í aðdraganda lánveitingarinnar. Gögn málsins bera með sér að ákærði Bjarni hafði eða hlaut sem viðskiptastjóri fyrrnefndra félaga að hafa vitneskju um fjárhagslega erfiðleika Aurum sem fram komu á fundi félagsins með fulltrúa Glitnis og annarra helstu lánardrottna, 20. febrúar 2008. Þá var honum kunnugt um, eða hlaut að vera kunnugt um, mun lægra mat starfsmanna bankans á verðmæti Aurum en gert var ráð fyrir í lánabeiðninni og eins hvernig hluturinn í Aurum var metinn í bókhaldi Baugs Group hf. og Fons en í öllum tilvikum var gengið út frá því að verðmæti 25,7% eignarhlutar Fons væri á bilinu 1,4 til 2,1 milljarður króna. Þrátt fyrir það útbjó ákærði Bjarni lánabeiðni fyrir fund áhættunefndar 9. júlí 2008 sem eingöngu var byggð á einhliða

verðhugmynd Gunnars Sigurðssonar, forstjóra Baugs Group hf. Byggt er á því að ákærði Bjarni hafi við gerð lánabeiðninnar fyrir FS38 ekki gætt að því að verðmæti trygginga væri rétt metið. Þá var ákærða Bjarna ljóst að stórum afborgunum af lánum Fons hafði ítrekað verið frestað og 7 milljarða króna neikvæð staða var á markaðsviðskiptum Fons hjá Glitni og 3,2 milljarða króna tryggingagat hjá Glitni vegna þess. Ákærði Bjarni vissi því, eða hlaut að vita, að mikil óvissa væri um tryggingaverðmæti sjálfskuldarábyrgðar Fons og verðmæti hinna veðsettu hlutabréfa og að lánveitingunni fylgdi veruleg fjártjónshætta fyrir Glitni. Með liðsinni sínu stuðlaði ákærði að hinni refsiverðu háttsemi meðákærðu.

Tjón Glitnis banka hf.

Aurum var rekið með miklu tapi á árinu 2008 og fyrir liggur að ekki tókst að koma rekstri Aurum á réttan kjöl. Í ágúst 2009 var sett í gang áætlun sem miðaði í stórum dráttum að því að kröfuhafar félagsins tækju félagið yfir og keyptu allt hlutafé félagsins á 1 pund en breyttu kröfum sínum í hlutafé. Niðurstaðan varð sú að FS38 og aðrir hluthafar töpuðu öllu hlutafé sínu í Aurum sem þar með varð eignalaust. Með því að léttu skuldaklyfjum af Aurum tókst að koma rekstri félagsins á réttan kjöl. Þar sem hlutaféð í Aurum hafði verið afskrifað og umrædd lánveiting til FS38 veitti Glitni aðeins veðrétt í hlutafénu sem síðar var afskrifað en ekki kröfurétt á hendur Aurum gat betri rekstrargrundvöllur félagsins ekki komið Glitni til góða hvað þessa lánveitingu varðaði.

Bú Fons var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 2009. Glitnir lýsti kröfum að fjárhæð um 24 milljörðum króna í þrotabúið, þar á meðal kröfu vegna 1,75 milljarða króna ábyrgðar Fons á fyrrnefndu láni til FS38. Alls var lýst kröfum að fjárhæð um 40 milljörðum króna í þrotabúið. Skiptum er ekki lokið. FS38 var lýst gjaldþrota með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 2011. Skiptum er lokið og fékkst ekkert upp í lýstar kröfur en meðal krafna var krafa Glitnis vegna umrædds 6 milljarða króna láns. Samkvæmt því liggur fyrir að stærsti hluti lánsfjárhæðarinnar er Glitni að fullu glataður.

Sú ákvörðun ákærðu að samþykkja 9. júlí 2008 6 milljarða króna lán til FS38 leiddi því til gríðarlegs fjártjóns fyrir bankann. Glitnir féll í byrjun október 2008 með mjög alvarlegum afleiðingum fyrir kröfuhafa, ríkissjóð og almenning á Íslandi. Óhjákvæmilegt er því að líta svo á að brot ákærðu hafi verið stórfellt. Háttsemi ákærðu beindist að verulega miklum verðmætum og olli mjög mikilli fjártjónshættu. Eru sakir ákærðu svo miklar að við broti þeirra liggur allt að 6 ára fangelsi.

Skrifstofa embættis sérstaks saksóknara,

Reykjavík, 12. desember 2012

Ólafur Þ. Hauksson

